

# **Stofnfundur Vistvænnar byggðar**

## **– vettvangs um sjálfbæra þróun í mannvirkjagerð**

### **Fundargerð:**

**Tími:** Þriðjudagur 23. febrúar 2010, kl. 16.20-18.00  
**Staður:** Ráðstefnusalur Orkuveitu Reykjavíkur að Bæjarhálsi 1.  
**Þátttakendur:** Fulltrúar stofnaðila samtakanna og aðrir áhugamenn um samtökin  
**Fundarritari:** Kristveig Sigurðardóttir  
**Dreifing:** Fundarmenn

### **Dagskrá:**

#### **1. Fundarstjóri og fundarritari kjörnir**

Lagt var til að Óskar Valdimarsson tæki að sér fundarstjórn og Kristveig Sigurðardóttir bauð sig fram sem fundarritara. Þau voru samþykkt af fundarmönnum.

#### **2. Tilkynnt um stofnfélaga**

Eftirfarandi fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög lögðu fram skriflega yfirlýsingu um stofnfélagsaðild.

Sesseljuhús umhverfissetur	3. flokkur
KJG Ráðgjöf	3. flokkur
Húsasmiðjan	3. flokkur
Landsvirkjun	2. flokkur
Mannvit	3. flokkur
Arkís	3. flokkur
Reykjavíkurborg	1. flokkur
Ask arkitektar	3. flokkur
Háskólinn í Reykjavík	3. flokkur
Almenna verkfræðistofan	3. flokkur
Tark-Teiknistofan	2. flokkur
Urriðaholt	3. flokkur
Efla verkfræðistofa	3. flokkur
Landslag	3. flokkur
Eignarhaldsfélagið Fasteign	3. flokkur
Reitir Fasteignafélag	1. flokkur
Fasteignir ríkissjóðs	2. flokkur
Verkís	1. flokkur
Framkvæmdasýsla ríkisins	1. flokkur
Basalt arkitektar	3. flokkur
Orkuveita Reykjavíkur	1. flokkur
Íslenskir aðalverktakar	3. flokkur
VSÓ Ráðgjöf	3. flokkur

Fyrir fundinn höfðu eftirfarandi fyrirtæki/stofnanir/sveitarfélög tilkynnt um þátttöku og teljast því stofnfélagar óháð þátttöku á stofnfundi.

Teiknistofa Halldórs Guðmundssonar	3. flokkur
Ríkiskaup	3. flokkur
Hornsteinar arkitektar	3. flokkur
Byko	3. flokkur

### 3. Samþykktir félagsins bornar upp

Sverrir Bollason, VSÓ, las upp tillögu undirbúningshóps að skipulagsskrá fyrir samtökin.

Þrjár skriflegar breytingatillögur bárust og eru þær eftirfarandi:

- Rúnar Gunnarsson, Reykjavíkurborg, lagði til eftirfarandi breytingar:
  - 10.grein: Framkvæmdastjóri verði kallaður starfsmaður.
  - 13.grein: Starfsmaður komi í stað framkvæmdastjóra. Orðið framkvæmdastjóri falli niður.
- Björn Axelsson, umhverfisstjóri hjá Reykjavíkurborg, lagði til eftirfarandi:
  - Heiti félagsins verði: Samtök um vistvæna byggð og byggingar
- Sverrir Bollason, verkfræðingur hjá VSÓ, lagði til eftirfarandi:
  - 1. gr hljóði svo: Félagið er sjálfseignarstofnun og nafn þess er Vistbyggingarráð Íslands. Öðrum viðeigandi greinum verði breytt til samræmis.
  - Bráðabirgðartillaga: Þeir aðilar sem greiða fyrir lok marsmánaðar 2010 teljist í hópi stofnfélaga.

Nokkur umræða var í kjölfarið um skipulagsskrána. Hér á eftir fara helstu umræðuefni en þau bókast ekki sem formlegar breytingatillögur.

- **Starfsmaður Vistvænnar byggðar:**

Rúnar Gunnarsson hjá Reykjavíkurborg gerði athugasemd við 13. grein en þar stendur eftirfarandi: *Stjórn stofnunarinnar ræður einn eða fleiri framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör þeirra.* Rúnar gerði athugasemd við að orðalagið benti til að stjórninni bæri að ráða framkvæmdastjóra. Honum fannst heppilegra að orða þetta eitthvað á þann veg að stjórnin hefði heimild til að ráða starfsmann. Einnig að í 10.grein skuli talað um starfsmann en ekki framkvæmdastjóra.
- **Hlutverk stjórnarmanna:**

Jón Sigurðsson hjá OR gerði athugasemd við orðalag í 9.grein: *Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum, en kosnir skulu a.m.k. formaður, ritari, sem jafnframt skal vera varaformaður og gjaldkeri.* Í þessari setningu má misskilja hlutverk stjórnarmanna þannig að einn og sami aðili gegni hlutverki ritara, varaformanns og gjaldkera.
- **Aðilar að samtökunum:**

Kristín Þorleifsdóttir, landslagsarkitekt, lagði fram fyrirspurn um ástæðu þess að einstaklingum væri ekki gefinn kostur á að gerast aðilar að samtökunum.

- **Slit samtakanna:**

Halldór Eiríksson gerði athugasemd við 18.grein en þar segir: *Stjórn getur lagt til að stofnuninni skuli slitið og þarf til þess samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar á tveimur fundum stjórnar, sem haldnir skulu með minnst einnar viku millibili.* Halldór setti fram fyrirspurn um það hvers vegna stjórnin þyrfti ekki að bera slit undir aðalfund.

- **Heiti samtakanna og skilgreining hugtaka:**

Kristín Þorleifsdóttir, landslagsarkitekt, lagði til að heiti samtakanna yrði: Samtök um vistvæna byggð.

Hún benti einnig á að henni þætti of mikil áhersla á mannvirki í texta um lýsingu og markmið og lagði til að hugtök væru skilgreind betur.

Jón Sigurðsson, OR, lagði til að samtökin yrðu kölluð: Samtök um vistvæn mannvirki.

Óskar Valdimarsson benti á að hugmyndin væri að ná yfir hið manngerða umhverfi og að mannvirki hefðu þengri merkingu en byggð.

Tillaga kom fram um heitið Mannvistarráð.

Helga J. Bjarnadóttir, Eflu, lagði til að skoðaður yrði möguleikinn á að nota hugtakið sjálfbærni í heiti samtakanna.

- **Árgjald og tenging við fjölda atkvæða:**

Pálín Dögg Helgadóttir, Sesseljuhúsi, benti á að aðilar sem ekki væru mjög fjársterkir hefðu hugsanlega ekki efni á því að vera aðilar að samtökunum, þrátt fyrir mikinn áhuga. Hún hafði áhyggjur af því að lægsta árgjaldið, 100.000 væri of hátt.

Magnús Jenson, arkitekt og Guðrún Tryggvadóttir hjá natturan.is tóku undir það að lægsta gjaldið væri of hátt.

Þráinn Sigurðsson, menntamálaráðuneytinu, gerði athugasemd við form samtakanna. Sagði það gera ráðuneytum erfitt um vik með að vera aðilar að þeim.

- **Leyfilegir aðilar að samtökunum:**

Nokkur umræða var um það hvers vegna aðild að samtökunum væri einskorðuð við fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög.

Óskar Valdimarsson, FSR, sagði að hugsunin væri sú að það væru engir útilokaðir frá vinnu að markmiðum samtakanna. Það þarf að finna góðan farveg fyrir þá sem hafa áhuga á að leggja málefninu lið en hafa ekki tök á að vera aðilar að samtökunum.

Egill Guðmundsson, Arkís, benti á að í undirbúningshópnum hefði verið rætt um hugsanlega aukaaðild. Slíkt þyrfti svo að útfæra nánar.

#### **4. Tillaga um framhaldsstofnfund borin upp**

Óskar Valdimarsson, FSR, lagði til að haldinn yrði framhaldsstofnfundur þar sem betur yrði farið í gegnum þau atriði sem nefnd hafa verið hér að framan. Stjórninni yrði falið að fara yfir þessi atriði og stýra þessum framhaldsfundi.

Tillagan var einróma samþykkt af fundarmönnum.

## 5. Kosning stjórnar

Óskað var eftir framboðum til stjórnarsetu. Eftirfarandi aðilar buðu sig fram:

Kristveig Sigurðardóttir	Almenna Verkfræðistofan
Þorleifur Björnsson	ÍAV
Eysteinn Einarsson	EFLA
Jón Sigurðsson	OR
Guðmundur Tryggvi Sigurðsson	Reitir Fasteignafélag
Magnús Jensson	arkitekt
Rúnar Gunnarsson	Reykjavíkurborg
Halldór Eiríksson	TARK
Óskar Valdimarsson	FSR
Sverrir Bollason	VSÓ Ráðgjöf
Elín Vignisdóttir	Verkís

### Atkvæði féllu þannig:

Elín Vignisdóttir	35 atkvæði
Guðmundur Tryggvi Sigurðsson	32 atkvæði
Eysteinn Einarsson	30 atkvæði
Sverrir Bollason	29 atkvæði
Kristveig Sigurðardóttir	28 atkvæði
Jón Sigurðsson	26 atkvæði
Halldór Eiríksson	25 atkvæði
Óskar Valdimarsson	25 atkvæði
Rúnar Gunnarsson	20 atkvæði
Þorleifur Björnsson	17 atkvæði
Magnús Jensson	2 atkvæði

### Í aðalstjórn sitja því:

Elín Vignisdóttir  
Guðmundur Tryggvi Sigurðsson  
Eysteinn Einarsson  
Sverrir Bollason  
Kristveig Sigurðardóttir

Óskar Valdimarsson og Halldór Eiríksson hlutu jafnmörg atkvæði. Óskar bauðst til þess að vera varamaður varamanns.

### Í varastjórn sitja því:

Jón Sigurðsson  
Halldór Eiríksson

## 6. Fundi slitið

Fundi var slitið kl. 18. Nýkjörin stjórn mun ákveða hvenær næsti fundur verður haldinn.